

Fundur í skólaráði þann 18. 05. 2017

Mætt eru: Hólmfríður María Hauksdóttir fulltrúi foreldra, Huguína Dögg Harðardóttir fulltrúi foreldra, Sigurður Arnarson fulltrúi kennara, Helga Lyngdal Þorsteinsdóttir fulltrúi kennara, Svava Svavarsdóttir ritari, fulltrúi starfsmanna, Marías B. Kristjánsson deildarstjóri, Anna Bergrós Arnarsdóttir deildarstjóri og ritari fundargerðar og Ólöf Inga Andrésdóttir skólastjóri.

1. Ólöf segir frá skipulagi næsta skólaárs svo langt sem það nær en enn eru lausir endar í því sambandi.
2. Sagt frá því að í gær komu fulltrúar frá fræðsluviði í heimsókn með það í huga að skoða aðstæður fyrir hugsanlega 5 ára deild í grunnskólanum næsta haust. Deildin yrði starfrækt innan leikskólans Króabóls en hefði aðsetur í Síðuskóla. Starfsfólk yrði frá leikskólanum og þetta yrði eins konar starfsstöð. Þetta er spurning um nýtingu á húsnæði. Enn á eftir að skoða þetta mál til hlítar. Málið er rætt á fundinum.
3. Reglutöflu SMT varpað upp og kostur gefin á athugasemdum. Ekki koma fram athugasemdir á núgildandi reglutöflu. Hún hefur þróast gegnum tíðina og reglum fækkað og þær orðnar orðaðar meira almennt en á upphafsárum SMT í skólanum.
4. Niðurstöður skólapúlsins skoðaðar og ræddar. Enn á eftir að koma lokaniðurstaða fyrir núverandi skólaár.

Önnur mál

Spurt um umferðarmál ef leikskóladeild bætist við umferðaröngþveitið á morgnana. Verið er að skoða málið hjá skipulags- og mannvirkjasviði og hvernig best er að hafa inn- og útkeyrslu við skólann. Það skipulag mun svo fara inn í bæjarráð til afgreiðslu. Grenndargámarnir munu fara annað og ný gangbraut koma á bugðusíðuna við enda Arnarsíðunnar.

Rætt um hvort fulltrúar nemenda eigi að sitja í tvö ár þannig að annar fulltrúinn sé í 9. bekk og hinn í 10. bekk. Þetta má skoða í samráði við nemendaráð.

Rætt um fulltrúa foreldra í skólaráði og hve lengi þeir sitja í ráðinu. Eins með fundartímann og hvort hann komi til með að standa í hverjum mánuði, þ.e. að ekki sé verið að breyta fundartíma.